

Selfossi, 13. janúar '23

Minnisblað

„Aðstöðuleysi frístundaklúbbsins Kotsins - ósk um tímabundna lausn innan húsnæði Vallaskóla“

Undanfarin ár hefur Frístundaklúbburinn Kotið verið með starfsemi í aðstöðu í húsi sem í daglegu tali kallast Glaðheimar. Þessi aðstaða hvorki hentar starfinu né er hún boðleg fyrir starfsemi með viðkvæma einstaklinga. Frístundaklúbburinn Kotið er með frístundastarf eftir skóla fyrir börn á aldrinum 10-16 ára sem eru með skilgreindar fatlanir sem falla í fötlunarflokka 1-3 skv. skilgreiningum Tryggingarstofnunar. Því eru þátttakendur í starfi Kotsins einstaklingar sem teljast vera í viðkvæmri stöðu. Húsnæði er óhentugt, hljóðvist ekki góð og auk þess hefur loftgæði mælst afar léleg innanhúss. Þó það hafi skánað eftir viðhaldsaðgerðir árið 2022 þá er ljóst að starfsemi Kotsins er í neyð er varðar aðstöðu. Að auki hefur niðurstaða starfsmannakönnunar Maskínu fyrir sveitarfélagið sýnt að starfsmenn Kotsins upplifi sína starfsaðstöðu verri en flestir aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

Framtíðarhúsnæði Kotsins mun verða í 1. áfanga frístundamiðstöðvar Árborgar sem áætlað er að verði opnaður haustið 2025. Því er ljóst að nauðsynlegt er að finna tímabundna hentuga lausn fyrir starfsemi Kotsins. Leggur undirritaður til að sú lausn verði fundin innan húsnæðis Vallaskóla. Sú tillaga er lögð fram í ljósi fækkunar nemenda í Vallaskóla síðustu tvö skólaár. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja þá er búist við að sú fækkun haldi áfram næstu tvö ár eða um ca. eina bekkjardeild á ári. Áætlað er svo að haustið 2025 muni fjölga að nýju í skólanum. Þá getur frístundaklúbburinn Kotið fært sig yfir í framtíðaraðstöðu sína innan veggja frístundamiðstöðvarinnar.

Mikilvægt er að taka ákvörðun sem fyrst til að mögulegt sé að Kotið geti hafið starfsemi í annarri aðstöðu haustið 2023. Ef þessi tillaga, um að sú aðstaða verði innan veggja Vallaskóla, verður samþykkt þá verður hægt að klára allar þær breytingar á húsnæði sem þörf er á sem og aðrar aðgerðir fyrir 1. ágúst 2023. Að auki ber að nefna það að allar aðgerðir eru líklega fullfjármagnaðar og afar ólíklegt að til komi viðauki við fjárhagsáætlun.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Gunnar E. Sigurbjörnsson
Deildarstjóri frístundaþjónustu